

Fundargerð stjórnar Umhyggju 3. desember 2019

Fundur settur 11.35. Mættir eru Regína, Eva, Kristín, Ragna, Andrés, Margrét Vala, Guðrún Bryndís og Árný.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og undirrituð.

1. Húsnæðis kaup Umhyggju hjá Sjónarhóli: fasteignasali mat 2/3 hluta herbergisins á 5.250.000. Umhyggja mun gera tilboð miðað við verðmatið. Ákveðið að taka saman afturvirk gjöld frá gerð eignaskiptalýsingar, tekin afstaða til á næsta fundi. Framkvæmdastjóri og formaður Umhyggju hafa umboð til að ganga frá slíku.
2. Tíðindi frá Sjónarhóli/varamaður í stjórn: Rætt um Sjónarhól og stöðuna þar. Vantar varamann frá Umhyggju: skipuð Elísabet Marteinsdóttir. Næsti fundur hjá stjórn Sjónarhóls er 11. desember.
3. Umsjónarmenn orlofshúsa: langt síðan kjör þeirra voru hækkuð, 55.000 krónur samþykkt fyrir báðar umsjónarmenn.
4. Starfsmannamál: ráðning nýs sálfræðing í 50% starfshlutfall, tekur til starfa 1. mars. Opið fyrir að ráða annan sálfræðing í hlutastöðu. Önnur starfsmannamál rædd.
5. Önnur mál: Kunnavogur – afhending í janúar. Fislausnir: ákveðið að ganga til samninga um nýtt kerfi til að halda utan um umsóknir og önnur gögn, samþykkt af Landlækni og stenst kröfur um persónuverndarlög. Heimahjúkrun barna: enn engar fréttir. Ákveðið að hafa samband við nýja teymið og kanna stöðuna.

Fundi slitið 12.35.

Fundargerð lesin: